

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1014
komudagur 10.2.2014

Atvinnuveganefnd Alþingis
nefndasvid@althing.is

Umsögn

Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2014-2017
Þingskjal 468 – 256. mál.

Stjórn Eyþings tekur undir meginmarkmið áætlunarinnar og en vill koma á framfæri nokkrum athugasemdum og ábendingum varðandi þær áherslur sem settar eru fram.

Innviðir – bætt samgöngur.

Lagt er til að bætt verði inn nýjum lið, g: Gerð verði þarfagreining á almenningssamgöngum í öllum landshlutum. Stutt verði við almenningssamgöngur í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga.

Sértækar aðgerðir á varnarsvæðum.

Engar athugasemdir en vakin athygli á þróunarverkefninu „Aftur heim“ sem styrkt er af sóknaráætlun Eyþings. Verkefnið miðar að því að fjölga menntuðu ungu fólki í menningu og listum á varnarsvæðum.

Atvinnumál – dreifing opinberra starfa.

Þetta er mikilvægt og eðlilegt áhersluatriði. Það er þó ekki í fyrsta sinn sem þessa áherslu er að finna í byggðaaætlun. Því er brýnt að þessari áherslu verði fylgt fastar eftir en áður, t.d. í tengslum við fyrirhugaða breytingu á umdæmum sýslumanna og lögreglu. Ástæða er til að horft verði m.a. til verklags í nágrannalöndum s.s. Noregi og Svíþjóð. Einnig að horft verði sérstaklega til reynslu hugbúnaðarfyrirtækja en benda má á fjölmörg dæmi, t.d. á Akureyri, þar sem starfsmenn eru í mismunandi landshlutum og mismundandi löndum. Stofnanir ríkisinsins geta margt lært af þessum aðilum. Benda má þó á stofnanir, t.d. Þjóðskrá, þar sem vel hefur tekist til og forsvarsmenn verið opnir fyrir dreifingu á starfsemi.

Sóknaráætlanir landshluta.

Lagt er til að sóknaráætlunum landshluta verði bætt við sem **5. lykilsviði** byggðaaætlunar.

Það verður furðu hve lítið vægi sóknaráætlun hefur í tillögunni þó um hana sé fjallað í athugasemdum. Undanfarin ár hefur verið unnið að nýrri nálgun og nýju verklagi undir merkjum sóknaráætlunar. Í grófum dráttum má segja að inntak sóknaráætlunar sé tvíþætt. Annars vegar er nýtt verklag í stjórnarráðinu þvert á ráðuneyti, leitt af innanríkisráðuneytinu. Hins vegar er nýtt verklag úti í landshlutunum við gerð sóknaráætlana sem byggir á víðtæku samráði undir forystu landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Með nýrri nálgun voru byggðamál tekin úr þeim slæma farvegi sem þau voru í, að taka nær eingöngu til atvinnumála. Byggðamál eru miklu víðtækari og ganga þvert á ráðuneyti, auk þess að vera nátengd sveitarstjórnarmálum. Mikil vinna hefur verið lögð í að þróa þetta nýja verklag sem að flestra mati hefur tekist afar vel. Sóknaráætlanir landshluta taka til allra þátta byggðamála, þó hægt sé að skilgreina sérstakar áherslur líkt og gert var 2013 og gert er með byggðáætlun. Á árinu 2013 úthlutuðu landshlutasamtökin styrkjum til verkefna undir merkjum sóknaráætlunar og með aðkomu fjölda fólks. Unnið er að mjög áhugaverðum og mikilvægum verkefnum og það tómarúm sem skapast hefur vegna óvissu um framhald sóknaráætlunar veldur vonbrigðum og er í raun lítilsvirðing við þá sem unnið hafa að þróun þessa nýja verklags.

Lögð er sérstök áhersla á að áfram verði unnið að því að styrkja verklag sóknaráætlunar í samstarfi landshlutasamtaka sveitarfélaga og stýrinets Stjórnarráðsins. **Hér er um að ræða nýja og jákvæða nálgun í byggðamálum sem ætti að vera þungamiðja í nýrri byggðáætlun.**

Akureyri 10. febrúar 2014

Virðingarfyllst,
F. h. Stjórnar Eypings

Pétur Þór Jónasson
framkvæmdastjóri